

Drepsóttin og konurnar – apríl 2010

Drepsóttin er hvalreki fyrir kvenfrelsarana, vatn á áróðursmyllu þeirra. Um fjölmiðlaheiminn flóði fyrir skemmstu bylgja blaðgreina um þá sérstöku eynd og kúgun kvenna, sem sóttin hefði í för með sér; miklu fleiri konur gætu orðið fyrir smiti og álagi, því fleiri þeirra stunduðu þjónustustörf; störfuðu við umönnun; stunduðu heimilisstörf, ólu upp börn og svo framvegis, framvegis. Stærsta hættan stafaði þó af körlunum á heimilinu, sem biðu færís á að berja þær.

Alþjóðastofnanir kyrja þennan söng, vitaskuld með „UNWomen“ í broddi fylkingar. Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum), sem kynnir sig sem torg eða ráð, helgað samvinnu lýðs og stjórnvalda. Það hefur heldur ekki látið sitt eftir liggja, sbr. þessa greinar: <https://www.weforum.org/agenda/2020/03/the-coronavirus-fallout-may-be-worse-for-women-than-men-heres-why> - <https://www.weforum.org/agenda/2020/04/women-female-leadership-gender-coronavirus-covid19-response/>

Seinni greinin er sérstaklega áhugaverð, þungaviktargrein, skrifuð í samvinnu Alþjóðaefnahagsráðsins og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Að henni eru tveir höfundar. Annar þeirra er Geeta Rao Gupta, framkvæmdastjóri „3D Program for Girls and Women,“ (3D stendur fyrir „document, drive and deliver,“) samtaka á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (UN Foundation), sem styðja við bakið á stúlkum og konum, þ.e. beita sér fyrir að fullnægja þörfum þeirra á sviði menntunar, heilsufars og öryggis. Í einstaklega þvælnum texta á heimasíðu stofnunarinnar segir efnislega: 3D þróunaráætlunin fyrir stúlkur og konur stuðlar að kynjajafnrétti og valdeflingu stúlkna og kvenna með því að rétta hjálparhönd stjórnvöldum til eflingar samþættingar milli sviða, svo og samfélagi og einkageira atvinnulífsins með því að beita sér fyrir því, að raddir kvenna heyrist - og minna stjórnvöld ábyrgð sína.

Geeta er félagssálfræðingur að mennt og á sögu sem þróunarráðgjafi hjá WHO og leiðtogi Alþjóðamiðstöðvar rannsókna í kvennafræðum (International Center for Research on Women). Hún var einnig fyrrum varaframkvæmdastjóri UNICEF (United Nations International Children's Emergency Fund – Barnahjálp Sameinuðu Þjóðanna) og ráðgjafi hjá mannúðarsjóði Bill Gates.

Eins og ýjað er að er ekkert lát á veiruspeki frá „UN Women.“ Phumzile Miambo-Ngcuka, aðalframkvæmdastjóri kvennadeildar, segir t.d.: „Við höfum skapað heim, þar sem konum er troðið inn í aðeins ... fjórðung rýmisins, hvort tveggja í herbergjum, þar sem ákvarðanir eru teknar, og í sögunum, sem við segjum af lífi okkar. Fjórðungur er engan veginn nóg samlegt. Fyrir löngu hefðum við átt að gefa því gaum, að veröldin er í brýnni þörf fyrir fleiri kvenleiðtoga og jafnt hlutfall kvenna á öllum stigum stjórnmalanna.“

Sanam Naraghi Anderlini, ráðgjafi hjá SP um málefni kvenna og átaka, sérfræðingur í friðarfræðum, sagði á Twitter: „Hin grimmilega kaldhæðni kórónuveirunnar [er] – að hún auðveldar körlum að fremja hryllilegt ofbeldi gegn konum, sem eru lokaðar af á heimilum sínum [og] hefnir sín á körlum með því að drepa miklu fleiri þeirra [heldur en konur]. Að minnsta kosti í þeim löndum, þar sem gögn eru aðgengileg.“

Nú skellur á okkur ný flóðbylgja greina sömu ættar. Kvenleiðtogar eru hlaðnir lofi, samtímis því, að hvatt er til fjölgunar þeirra og karlar skammaðir fyrir að hleypa konunum ekki að kötlunum. Það hljómar kunnuglega.

Leta Hong Fincher, ákafur baráttumaður fyrir frelsun kvenna í Kína, segir alltof marga karla sitja við stjórnvölinn. Það séu „óhæfir karlar í afneitun vísindanna.“ Leta segir, að sú staðreynd, að „konur séu hlutfallslega fleiri meðal þjóðarleiðtoga, sem að svo komnu máli hafi stjórn á drepsóttinni, ætti að sýna okkur, að kynjajafnrétti sé afdrifaríkt með tilliti til lýðheilsu á heimsvísu og alþjóðaöryggis.“ Svíþjóð er borin saman við hin Norðurlöndin fjögur. Aumingja Stefan Löfven fær slæma útreið og bliknar í samanburði við Katrínu, Mette, Sönnu Maríu og Ernu. Þær eru kvenofurhetjur. (Og vel kann það að vera rétt).

Asha Herten-Crabb og Sara E. Davies, skrifa fróðlega grein í „The Lancet:“ „Hvers vegna WHO þarfnast kvenfrelsunarefnahagsstefnuskrár“ (Why WHO needs a feminist economic agenda). Og hvað ætli það merki?: „Í kvenfrelsunarhagstjórnaráætlun er brotin til mergjar valdastaða og tiltölulegt aðgengi að auði og auðlindum. Undir sjónarhorni kvenfrelsunar, sem felur í sér samþættingarviðhorf, ber nauðsyn til þess að skoða valdastöðu kynjanna, taka tillit til mismunandi valds þjóðríkja, uppruna, aldurs, hæfileika, ásamt annarra þátta fjölbreytileikans – og gera sér grein fyrir, hvernig þeir eru samofnir kynjamisrétti og efnahagi. ... Kvenfrelsunarnálgun með tilliti til efnahagsstjórnunar í heilbrigðis[þjónustu] útheimtir, að allir, sem koma að ákvörðunum í heilbrigðisþjónustunni, breyti hugsun sinni um vellíðan í þá veru, að tillit sé tekið til jafnréttis kvenna í öllum þess tilbrigðum.“

[https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736\(20\)30110-0/fulltext](https://www.thelancet.com/journals/lancet/article/PIIS0140-6736(20)30110-0/fulltext)

Nú býð ég þess spenntur, að einhver kvenfrelsaranna skrifi um afrek vísindakarla í heilbrigðisvísindum, velti fyrir sér, hvers vegna þeir séu hið veika kyn, þ.e. viðkvæmari fyrir flestum sjúkdóma (nema leghálskrabba vitaskuld), grandskoði miklu hærri dánartíðni þeirra í Kínakvefinu og gaumgæfi sjálfsvígshættuna, sem venjulega steðjar að, þegar þeir týna ærunni, karlmennskunni og hlutverkinu. Það væri einnig verðugt rannsóknarefni, hvers vegna þeir kveinki sér svo sjaldan og fórnir sér oft fyrir konurnar sínar – eða hvað?